

Til upplýsingar:

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020

Lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018

Kynja- og jafnréttissjónarmið í skólastarfi

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020 og lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018 er að finna sérstök ákvæði sem varða skóla og uppeldisstofnanir.

Lög nr. 150/2020:

15. gr.

Samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal á frístundaheimilum og í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi þar sem m.a. er kennt um kynjaðar staðalímyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks.

Öll kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu nemendur hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni.

Efla skal rannsóknir á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, jafnt fræðilegar grunnrannsóknir sem hagnýtar rannsóknir, og miðla niðurstöðum þeirra markvisst innan skólakerfisins og til fjölmiðla.

Það ráðuneyti sem fer með fræðslumál skal fylgjast með að jafnréttis kynjanna sé gætt í skóla- og uppeldisstarfi sem og á frístundaheimilum og í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Enn fremur skal það ráðuneyti sem fer með fræðslumál fylgjast með þróun jafnréttismála á þessum sviðum samfélagsins.

Jafnréttisráðgjafi skal starfa innan þess ráðuneytis sem fer með fræðslumál og skal hann fylgja eftir ákvæðum þessarar greinar og veita viðkomandi aðilum ráðgjöf í jafnréttismálum, m.a. um sértækar aðgerðir til að stuðla að jafnrétti kynjanna.

Úr 21. gr.

Bann við mismunun í skólum og öðrum menntastofnunum, á frístundaheimilum og í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Í skólum, öðrum menntastofnunum, á frístundaheimilum og í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi er hvers konar mismunun á grundvelli kyns óheimil. Skylt er að gæta þessa í námi og kennslu, þjálfun, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur og iðkendur.

Yfirmaður stofnunar skal gæta þess að nemandi, iðkandi eða skjólstaðingur sé ekki látinn gjalda þess að hafa kært kynbundna eða kynferðislega áreitni eða kynjamismunun.

Lög nr. 85/2018:

10. gr.

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum er hvers kyns mismunur vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna óheimil. Skyld er að gæta þessa í námi, kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur.

Kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að ekki sé mismunad á grundvelli kynþáttar eða þjóðernisuppruna og þau séu einstaklingum af tilteknum kynþætti eða þjóðernisuppruna ekki til minnkunar eða lítilsvirðingar.

Rétt er að minna á að almennt bann við mismunur gildir um samfélagið allt.

Lög nr. 150/2020

Úr 16. gr.

Hvers kyns mismunur á grundvelli kyns, hvort heldur bein eða óbein, er óheimil. Fjölpætt mismunur er jafnframt óheimil. Fyrirmæli um mismunur á grundvelli kyns teljast einnig mismunur samkvæmt lögum þessum. Enn fremur telst kynbundin áreitni eða kynferðisleg áreitni til mismununar samkvæmt lögum þessum sem og hvers konar óhagstæð meðferð einstaklings sem rekja má til þess að hann hafi vísað á bug kynbundinni eða kynferðislegri áreitni eða hafi látið hana yfir sig ganga.

Lög nr. 85/2018:

Úr 7. gr.

Hvers kyns mismunur á öllum sviðum samfélagsins, utan vinnumarkaðar, hvort heldur bein eða óbein, vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna er óheimil, sbr. einnig lög um jafna meðferð á vinnumarkaði. Fyrirmæli um mismunur vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna teljast einnig mismunur samkvæmt lögum þessum sem og áreitni þegar hún tengist kynþætti eða þjóðernisuppruna.

Í lögum nr. 150/2020 er sérstök lagagrein um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni sem gildir einnig um skóla og uppeldisstofnanir, félagsamtök og íþróttá- og æskulýðsfélög

Úr 14. gr.

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana, félagsamtaka og íþróttá- og æskulýðsfélaga skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og notendur þjónustu verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, í stofnun, félagsstarfi eða skólum.